



## Einingamat

Fullt nám í eitt kennsluár er metið til 60 eininga í Háskóla Íslands, 30 einingar á hvoru misseri, sbr. [lög um háskóla nr. 63/2006](#) og ákvörðun háskólaráðs 17. janúar 2008. Þetta einingakerfi tók gildi frá og með háskólaárinu 2008-2009 og var þá einingafjöldi einstakra námskeiða skv. fyrra einingakerfi tvöfaldaður. Námskeið sem áður var metið til 3 eininga var með breytingunni metið til 6 eininga o.s.frv. Einingakerfinu var breytt til samræmis við ný lög um háskóla og eru einingar HÍ nú jafngildar **ECTS** einingum (European Credit Transfer System).

Samanlagður einingafjöldi námskeiða eins kennsluárs er 60. Þar skiptir ekki máli hvort kennsluvikur á ári eru 26, 30 eða fleiri. Námskeiðunum eru gefnar einingar í hlutfalli við innbyrðis vægi þeirra og samtala eininga allra námskeiða á sama kennsluári er 60, eða 30 á hvoru misseri. Skipting eininga á milli missera getur í einstökum tilvikum verið til dæmis 28/32 í stað 30/30. Nám til BA- og BS-prófa er 180 einingar (3 ár) í flestum tilvikum. BS-próf í hjúkrunarfræði og sjúkraþjálfun og BA-próf í félagsráðgjöf eru 240 einingar (4 ár).

## ECTS einingar

ECTS (European Credit Transfer System) námseiningakerfið var mótað innan ramma ERASMUS áætlunarinnar. Fjölmargir háskólar nota ECTS-einingakerfið við að meta nám á milli háskóla. ECTS-einingakerfið er byggt á sömu forsendum og einingakerfi Háskóla Íslands, þar sem einingin á að endurspeglar alla námsvinnu stúdentsins. ECTS einingin á að mæla þá vinnu sem meðalstúdentinn þarf að inna af hendi til að tileinka sér þá þekkingu, hæfni og færni sem þarf til að ná lágmarkseinkunn í viðkomandi námskeiði. Gengið er út frá því að fullt nám í eitt kennsluár miðist við fasta grunntölu og sé metið til 60 ECTS-eininga. Þar skiptir ekki máli hversu margar kennsluvikur eru á ári. Námskeiðunum eru gefnar ECTS-einingar í hlutfalli við innbyrðis vægi þeirra og samtala ECTS-eininga allra námskeiða á sama kennsluári er 60, eða 30 á hvoru misseri. Almennt er miðað við að nám í eitt háskólaár sé 1.500 til 1.800 vinnustundir, eða 25 til 30 vinnustundir fyrir hverja ECTS-einingu.

Margir háskólar í Evrópu nota ECTS-einingakerfið, eða sambærilegt einingakerfi við skipulagningu á háskólanámi.

Meginregla um mat náms til eininga kemur fram í [53. gr. reglna](#) fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009.